



Fornleifaskráning

vegna vegagerðar í landi Hnausa,
Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands
í Vatnsdal



Hjallaland - 144711-181-13 Túngarður

Ragnheiður Traustadóttir
Rúna Knútsdóttir Tetzschner
Sigríður Sigurðardóttir
maí 2002
Byggðasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráninga	3
Fornleifaskráning og aðferðir	5
Aðferð við skráningu	5
Jarðanúmer	5
Tegund, hlutverk og heiti	5
Lega	6
Staðhættir og lýsing	6
Hættumat	6
Heimildir	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Fornleifaskráning fyrir Hnasa	7
Fornleifaskráning fyrir Bjarnastaði	8
Fornleifaskráning fyrir Másstaði	9
Fornleifaskráning fyrir Grundarkot	20
Fornleifaskráning fyrir Hjallaland	23
Niðurstöður	31
Hnausar	32
Bjarnastaðir	32
Másstaðir	32
Grundarkot	32
Hjallaland	32
Heimildir	32

Inngangur

Í Vatnsdal í Húnaþingi er fyrirhugað að endurbæta 6 km vegarkafla frá Hringvegi að Hjallalandi. Í tengslum við verkið fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við fornleifadeild Byggðasafnsins í Skagafirði að hún gerði fornleifakönnun meðfram Vatnsdalsvegi í landi Hjallalands, Bjarnastaða, Másstaða og Hnausa og einnig Hvamms að hluta.

Ekki hefur farið fram nein skipulögð vettvangsskráning á svæðinu en Fornleifastofnun Íslands hefur nýlokið svæðiskráningu í Austur-Húnavatnssýslu.

Fornleifaskráningin fór fram á tímabilinu frá 28. apríl til 6. maí 2002. Við heimildaleit og skráninguna í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands, unnu Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur. Á vettvangi skráðu Ragnheiður, Sigríður og Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur.

Viðtal og leiðsögn um svæðið veitti Elínborg Jónsdóttir, sem fæddist á Mástöðum 30. júní 1921 og bjó þar til ársins 1948. Er henni þökkuð veitt aðstoð, sem og Grími Gíslasyni og Ellerti Pálmasyni bónda á Bjarnastöðum.

Umrædd skráning takmarkast við vegarstæðið og er ekki að tæmandi upptalning um fornleifar á jörðunum.

Skýrsla þessi greinir frá þeim athugunum, sem fram hafa farið, upplýsingum um hvern stað og áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar. Enn fremur eru gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en nauðsynlegt reynist að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns

fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornlifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráningin á vettvangi var takmörkuð við vegkaflann sem fyrirhugað er að endurgera, 6 km frá Hringvegi að Hjallalandi. Vegurinn er í landi Hjallalands, Bjarnastaða, Másstaða, Hnausa og Hvamms að hluta.

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornlifar á svæðinu. Svæðiskráning Fornleifastofnunnar Íslands var höfð til hliðsjónar. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands, Sarp.

Við mat af þessu tagi eru aðeins skráðar þær fornlifar sem geta orðið fyrir raski eða eru í námunda við framkvæmdirnar. Ekki má líta svo á að um tæmandi fornlifaskráningu á vettvangi sé um að ræða, einkum þar sem framkvæmdir eru minniháttar og aðeins um litlar tilfærslu að ræða.

Vegkaflinn og nánasta umhverfi var gengið í fylgd Elínborgar Jónsdóttur frá Másstöðum í því skyni að leita fornlifa á vettvangi.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornlifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðunum fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á loftmynd frá Vegagerðinni.

Skráningin er í þeim kafla þessarar skýrslu sem nefnist „Saga jarðanna og fornlifar“.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Másstaðir: 144723, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 183 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornlifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstaði á Másstöðum er nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: M-144723-183-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Grundarhús eða Ullarlækur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrir segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega fornleifaskráning með aðfaraorðum um hverja skráða jörð í þeirri röð sem þær liggja í suðurátt frá þjóðvegi og fram Vesturdalinn. Ekki var unnin söguleg úttekt fyrir jarðirnar Hnausa og Hvamm, þar sem vegurinn liggur að svo litlum hluta yfir þær jarðir og allfjarri sjálfum bæjarstæðunum, enda kom í ljós að engar minjar voru á því svæði.

Fornleifaskráning fyrir Hnausa

Hnausar - 144712-185



Hnausar - 1447012-185-25 Rétt

Sérheiti: Hnausarétt

Tegund: Timburrétt

Staðhættir og lýsing: Hnausarétt er við vegamót Vatnsdalsvegur og Hringvegur. 1. Réttin er í landi Hnausa. Hún er úr timbri og byggð á gömlum hleðslum sem sennilega eru leifar gamallar réttar. Líkur eru á að þarna sé

fornt réttarstæði, því þarna voru fjárskil á öldum áður. Áshreppingar sóttu fé sitt þangað, er fé var dregið í sundur á haustin.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir

Hnausar - 144712-185-26 Brú

Sérheiti: Áveitubrú



Tegund:

Staðhættir og lýsing: Áveitubrú tengir land og hólma að austan. Upphlaðinn áveitugarður liggur með vatnsbakkanum til suðvesturs er komið er vesturyfir brúna. Brúin er nokkurn spöl vestan vegar á mótis við malarnámu (efnistaka til vegagerðar -grjóthörpun) rétt hjá Skriðuvaði. Póstvaðið er þar rétt ofan við. Áveitan er frá fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir

Fornleifaskráning fyrir Bjarnastaði

Bjarnastaðir - 144701-184

Jörðin var eign Þingeyrarklausturs og á henni stóð bænhús skv. bænhúsaskrá 1486. Skriður féllu á bæinn árið 1720 og grófu bæ og útihús með öllu kviku og dauðu og gjöreyddi nálæg tún og engi. Talið er að sex eða sjö manns hafi farist í Bjarnastaðaskriðu. Jörðin fór í eyði um skeið eftir það.

Fornleifaskrá - Bjarnastaðir

Bjarnastaðir - 144701-184-1 Bústaður

Sérheiti: Bjarnastaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing:

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá árinu 1919.

Bjarnastaðir - 144701-184-2 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing:

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá árinu 1919.

Bjarnastaðir - 144701-184-3 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing:

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá árinu 1919.

Bjarnastaðir - 144701-184-4 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing:

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá árinu 1919.

Bjarnastaðir - 144701-184-5 Traðir

Tegund: Heimild 465

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá árinu 1919.

Bjarnastaðir - 144701-184-6 Leið

Tegund: Heimild 465

Bjarnastaðir - 144701-184-7 Bænhús

Tegund: Heimild 465

Heimildaskrá DI V 354

Fornleifaskráning fyrir Másstaði

Másstaðir - 144723-183

Saga

Í Landnámu segir að Ingimundur Þorsteinsson nam "Vatsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan. Hann bjó at Hofi" og hét kona hans Vigdís, dóttir Þóris jarls þegianda. Bróðir hennar, Jörundur háls, sem kom með þeim til landsins, nam "út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir Jörundarfelli; hans son var Már á Másstöðum." Bæirnir eru allir austan megin í dalnum. Þessum grunnupplýsingum um fyrstu ábúendurna ætti að vera óhætt að treysta og þá einnig því sem segir í Vatnsdælu um að synir landnámsmannanna "óxu upp samtíðis" og tóku við jörðunum. Þorsteinn Ingimundarson bjó að minnsta kosti áfram á Hofi en í sögunni færir sonur Jörundar bú sitt af Grund á Másstaði. Bær sem kallaðir eru staðir og kenndir við menn eru fjölmargir í Landnámu en þó yfirleitt ekki eiginleg landnámsbýli. Þeir byggðust hins vegar mjög fljótt eftir landnám eða þegar á 10. öld og bendir ýmislegt til að þessi nöfn með fleirtölumyndinni staðir í aðallið hafi orðið til þegar jörðunum var skipt í smærri einingar, t.d. með erfðum. Auk Más eru þó ekki nefnd fleiri börn Jörundar í Landnámu en dóttir að nafni Halla. Hvað sem því líður heitir bærin sem hér á í hlut eftir Má og heimildum ber saman um að hann hafi verið sonur landnámsmannsins. Tveggja Mádætra er getið í fornum ritum, Höllu í einu handriti Landnámu og Auðbjargar í Hrómundar þætti halta, hún var gift kappanum sem þar er sagt frá, syni Eyvindar sörkvis sem kom út með Ingimundi og Jörundi. Sjálfur fær Már umsögnina "virðuligr maðr" í Vatnsdælu og "góð var frændsemi með þeim Ingimundarsonum". Engu að síður kemur til landamerkjadeilna, þeir berjast um svokallaðan Deildarhjalla (183-20) og Högni Ingimundarson fellur fyrir Hrómundi Eyvindarsyni. Þetta er kjarni þess sem Landnáma, Vatnsdæla og Hrómundar þáttur greina frá og gæti það bent til að þarna hafi hin munnlega hefð varðveitt minni um bardaga sem raunverulega hefur átt sér stað á landnámsöld. Um annað verður ekki fullyrt en frásögnin í Vatnsdælu er þó rík af alls konar smáatriðum. Þar lýkur málinu svo að Már greiðir ákveðið gjald fyrir bæinn Hjalla og gott er með þeim systkinasonum upp frá því. (I: 218-19, 224; VIII: 45, 75-81). Már Jörundarson hefur einnig fengið hlutverk í Hallfreðar sögu en þar er hann vinur Ávalda Ingjaldssonar sem býr á bænum Knjúki gegnt Grund, vestan megin í dalnum. Söguhetjan, Hallfreður Óttarsson, hrífst af Kolfinnum Ávaldadóttur og venur til hennar komur sínar. Þar eð hann vill ekki kvænast stúlkunni hefur faðir hennar af því mikla skapraun og til að bjarga máluum fær Már annan vin sinn, Gríss Sæmingsson, til að biðja hennar. Varla eru þeir þó búnir að bera upp bönorðið þegar hinn skáldmælti aðdáandi kemur aðvífandi. Það kemur í hlut Más að flæma hann í burtu og veita þeir Grís honum eftirför, fanga hann og skilja eftir í fjötrum úti í holti. Brúðkaup er haldið á Másstöðum og fer Kolfinna "til bús með Grísi til Geitaskarðs" í Langadal en Hallfreður úr landi. "Ekki váru miklar ástir af" Kolfinnu "hendí við Grís" og þegar gamli kærastinn heimsækir hana í selbyggðina í Laxárdal eftir nokkura ára fjarveru reynist honum auðvelt að draga hana á talar. Þetta verður til þess að Már veitir Hallfreði fyrirsát næst þegar hann hættir sér nálægt aðsetri hans í Vatnsdal. Flagarinn kemst þó undan og segir ekki frekar frá atburðum tengdum Másstöðum í þessari sögu. (VIII: 144-50, 180-88). Fleiri frægar persónur Íslendinga sagna eru bendlaðar við bæinn, þótt ekkert verði fullyrt um sannleiksgildi þess hér. Þorkell krafla er sonur ambáttarinnar Nereiðar og Þorgríms goða á Kárnsá, sonar Þórdísar Ingimundardóttur. Þegar Nereiður elur barnið lætur faðirinn bera það út en ömmubræðurnir koma því til bjargar og Þórir Ingimundarson fósar Þorkel í fyrstu á Nautabúi eða Undunfelli, næsta bæ sunnan Kárnsár. Síðar gengst Þorgrímur þó við honum og tekur að sér. Á fullorðinsárum verður svo frillusonurinn goðorðsmaður og kaupir Hofsland. Þar býr hann í Vatnsdælu og Hallfreðar sögu. (I, VIII: 72, 97-100, 110, 122, 188). Í hinni ævintýralegu Grettlu, sem talin er rituð snemma á 14. öld en varðveitt í handriti frá lokum 15. aldar, er Þorkell, "höfðingi yfir Vatnsdælum" og "stórvitur maðr", hins vegar sagður búa á Másstöðum, ásamt fósturdóttur sinni, Ásdísi Bárðardóttur. Þangað kemur því Ásmundur hærulangur til að biðja seinni konu sinnar og þiggur reyndar heimboð frá Þorkeli sjálfum. Ungu stúlkan á Másstöðum er sú Ásdís sem síðar verður húsfreyja á Bjargi og móðir Grettis, "svá vinsæl, at aldri váru henni ónáðir görvar, ok eigi heldr meðan Grettir var í sekð." (VII: 35, 270). Trúlega hefur þó Þorkell krafla búið á Hofi fremur en Másstöðum, nema hvoru tveggja hafi verið. Loks er Þórður nokkur talinn búa á bænum í Heiðarvíga sögu en það virðist vera mistök því í eldra handriti sögunnar býr sá bóndi á öðrum bæ.

Betur má treysta því sem segir um heimafolk Másstaða í Þórðar sögu kakala og Svínfellinga sögu í Sturlungu. Samkvæmt tímatali safnritsins búa þar upp úr 1240 að minnsta kosti þau Valgerður, dóttir Kolbeins kaldaljóss, og Helgi Hámundarson, "annar bestur bóndi í Vatnsdal" á eftir Þorsteini Jónssyni í Hvammi, bænum milli Másstaða og Hofsl. Ormur Jónsson goði frá Svínafelli í Öraefum leitar til hans þegar hann fær handarverk á Alþingi en Má, sem þó er sagður "læknir mikill", sýnist "svo meinið sem eigi mundi tjá aðgerðir að hafa" og dregur þetta manninn til bana nokkru síðar. Helgi hafði verið á

Örlygsstöðum þar sem féllu Sighvatur Sturluson, faðir Þórðar kakala, Sturla, bróðir hans, og margir aðrir Sturlungar. Músstaðir eru því meðal þeirra bæja sem liðsmenn Þórðar ráðast á í hefndarför gegn Vatnsdælum: "Þeir Teitur og Svarthöfði komu á Músstaði, skutu þegar stokki á dur og brutu upp hurðina. Hljópu þeir síðan í skálann. Helgi hljóp upp í því er hann varð var við ófriðinn og ætlaði til duranna. Hann var allra manna knástur. Hratt hann þeim af sér svo að þeir hrukku í setin af honum. Í því gat Svarthöfði tekið hann. Helgi beiddi sér griða og hafði þá fengið áverka. Þeir segja að engi kostur mundi griða vera, báðu hann rannsaka ráð sitt og tala við prest og svo gerði hann. Eftir það var Helgi leiddur út og vó sá maður að honum er Álfur hét og var Þorgilsson. Síðan rændu þeir hrossum og því sem innan gátta var og riðu þaðan út til Giljár [...]" (Bl. 495-6, 551).

Músstaða er getið í fornbréfum og máldögum og koma þar fram margvíslegar upplýsingar. Um 1340 bjó þar Þorsteinn nokkur, nefndur meðal votta að dómssátt ábótans á Þingeyrarklaustri og bóndans á Borg um Melasand (II: 732-3). Þorsteinn þessi hefur verið leiguliði klaustursins því að árið 1360 voru Músstaðir seldir undan því (XII: 21) og hafa þá e.t.v. komist í einkaeign. Árið 1430 eru þeir a.m.k. nefndir meðal jarða Lofts ríka Guttormssonar, taldir til höfuðbóla, og þegar auðmaðurinn lést tveimur árum síðar voru þeir hluti af erfðagóssinu sem skiptist milli barna hans og eiginkonunnar Ingibjargar Pálsdóttur, þeirra Þorvarðar, Ólafar, Eiríks og Soffíu (IV: 404-6, 519). Næst birtast Músstaðir í kaupmálabréfi tilvonandi hjóna árið 1489 en Sigurður Þorleifsson gefur Kristínu brúði sinni í bekkjargjöf bæði þá og Grund (VI: 660-61). Sex árum síðar seldi faðir hennar, Finnbogi Jónsson lögmaður, þær Jóni Sigmundssyni "med ollum þeim gognum og gædum, hlutum og hlunnendum [...]" fyrir kaupahluta í Grýtubakka í Höfðahverfi (VII: 279-81). Nýi eigandinn varð síðar lögmaður líka en lenti í miklum deilum við Gottskálk Hólabiskup. Sakaði biskupinn hann meðal margs annars um að hafa ekki veitt sér útlausnir á Músstöðum og víðar en eigendum kirkjujarða þar að hafa gistingu til reiðu alls staðar þar sem hann vísitaraði. Biskup stefndi Jóni árið 1505 og var hann dæmdur í framhaldi af því en deilurnar héldu áfram og árið 1517 var Einar, sonur Jóns, líka kærður. (VII: 767-9, 778-85, IX: 50-53, VIII: 623-5). Í vitnisburðarbréfi frá 1567 er loks athugasemd sem virðist varða deilur Guðbrands Þorlákssonar biskups við Músstaðamenn, "þa hann klagade apttur Marstade." (XV: 59). Bæði í tengslum við deilurnar og eigendaskipti er minnst á kirkjuna á Músstöðum en þar var alkirkja, fyrst nefnd í máldaga árið 1318, síðan 1344 og 1360. Í kirknatali Hólabiskupsdæmis árið 1429 segir: "aa Masstodum prestr." Máldagar 1432 og 1556 bæta ekki við upplýsingum (II: 475-6, IV: 11-12, 382, III: 161, V: 354, 361, XIII: 148-50) en í Jarðabók Árna og Páls hálfri annarri öld síðar segir: "Kirkjustaður annecteraður með Udenfelli." (Bl. 262). Skv. Sóknarlýsingu séra Jóns Eiríkssonar hafði hann hins vegar verið lagður niður 1840: "Músstaðir, aflögð annexía frá Undirfelli [...]" (bl. 71). Þegar Manntal var tekið árið 1703 voru ábúendur Geirmundur Þorsteinsson og Ingunn Pjetursdóttir "hans ektakvinna", í heimili börn hans úr fyrra hjónabandi, Magnús 23 ára og Rannveig 16, sonur Ingunnar úr fyrra hjónabandi, Jón Grímsson 13 ára, og sameiginleg dóttir, Þuríður 2 ára. (Bl. 261). Skv. Jarðabók Árna og Páls sem gerð var 1706 átti séra Arnbjörn Jónsson á Udenfelli jörðina en kominn var nýr ábúandi, Jón Árnason. Við upphaf næstu aldar var tvíbýli á Músstöðum. Annars vegar bjuggu þar Tómas Hafsteinsson "proprietair" og Guðrún Erlendsdóttir með þrjú börn og tvær vinnukonur, hins vegar voru hjónin Ebeneser Johnsen "leilæding" og Þorgerður Sívertsdóttir með börnin Ragnheiði og Egil. (Mt: 39-40). Þetta fólk var allt á brott árið 1816 og í þeirra stað komin Björn Grímsson og Guðrún Flóventsdóttir, foreldrar 6 barna á aldrinum 10-19 ára, öll til heimilis á Músstöðum (Mt: 792). Árið 1845 var aftur tvíbýlt en þá bjuggu á jörðinni Benjamín Guðmundsson og Agnes Guðmundsdóttir ásamt tveimur börnum og vinnumanni. Sér í heimili voru gömlu hjónin Kristín Þorleifsdóttir og Guðmundur Geirmundsson, e.t.v. foreldrar bóndans á hinu býlinu. (Mt: 46).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Örnefnalýsingu 1987 eru gefin upp nöfn á mismunandi hlutum túnsins. Norðurtún var það kallað norðan bæjarins og nyrsti hluti þess utan gamla túngarðsins hét Húsatún. Rétt sunnan og ofan bæjarins var Kirkjuflöt, lítill skiki þar sem kirkjugarðurinn var áður. Allt túnið sunnan hennar hét Suðurtún og nálægt miðju þess eru svokallaðir Hólar sem myndast hafa við skriður úr fjallinu og ná upp að Barði efst í túninu, sem talið er liggja utan gamla túngarðsins. Leynir kallaðist sá hluti Suðurtúnsins sem var "sunnan við Hóla [...] í hvarfi frá bænum" og "áður stórþýfður". Auk þess var Skriðan, grýtt en uppróin, sunnan Leynis en innan gamla túngarðsins. Utan hans en þó innan girðingar var loks dálítið svæði sem alltaf var slegið og stundum borið á það, kallað Grund.

Þegar Bjarnastaðaskriða féll árið 1720 myndaðist vatn vestan bæjanna sem kallað er Flóðið og er nokkur hluti þess í Músstaðalandi. Samkvæmt Landamerkjaskrá frá árinu 1891 liggur milli Músstaða og Grundarkots "landamerkjaskurður frá flóðinu, upp undir flóajaðra; sem stefnir í lítið lækjargil í brekkunni fyrir ofan veginn, og þá sömu línu á fjall upp; úr fyrrefndum skurði, vestur í flóðið í stein, er þar stendur á merkjum milli jarðanna austan og vestan við flóðið; frá þessum steini norður að

grjótvröðu í flóðinu, sem er hornmerki milli Másstaða, Bjarnastaða og Vatnsdalshóla, og er frá austur- og vestur-landi 330 faðmar að nefndri vörðu; frá þessari vörðu gengur merkjalínan í vörðu, sem er sunnarlega á Bjarnastaðahólum nálægt veginum; þaðan í Tvífoss, upp í Nautabúfu; ræður þá háfjallið, sem vötn að falla millum greindra merkja sunnan og norðan."Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Mástöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Heimildir

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987. Skrásetjari fæddist á Mástöðum 30. júní 1921, ólst þar upp og var þar öll sumur til 1948, einnig síðar. Aðrir heimildarmenn: Systur Elínborgar, Guðrún og Oddný Jónsdætur, og fóstursystkini þeirra, Þorsteinn Guðmundsson, Hannes Halldórsson, Guðjón Kristmundsson, Elínborg Halldórsdóttir og Elín Jónsdóttir. Elínborg Jónsdóttir studdist auk þess við eldri örnefnaskrá föður síns, Jóns Kr. Jónssonar, f. 1867, d. 1947, bónda á Mástöðum 1900-1947. Jón var alla ævi búsettur í sömu sveit og þekkti ábúendur á Mástöðum sem voru þar næstir á undan honum. Aðrar heimildir Elínborgar voru bréf úr safni föður hennar frá Ólafi Arnórssyni, fyrrum bónda á Bjarnastöðum, og Eyþóri Benediktssyni, sem bjó þar ungur. Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Mástöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirritaður 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Fornleifaskrá - Mástaðir

Mástaðir - 144723-183-1 Bústaður

Sérheiti: Mástaðir

Tegund: Bæjarhóll 465

Staðsetning: N: 65°29.121 V: 20°19.333

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1919 má sjá bæjarstæði Máststaða neðan við austur túngarðinn, þar er tvískipt bygging austur og vestur baðstofa. Stefna er suðsuðaustur-norðnorðvestur. Fleiri hús eru vestar og norðar í túninu (183-2/3). Bæjarleifar og veggjabrot eru lítt sýnilegar nema suðaustur horn baðstofunnar og grjótundirlag austurveggjar að hluta. Austan við baðstofu var stofa með kjallara, þar sem geymdur var matur. Bæjarstæði hefur verið gróðursett að mestu og eru fyrstu trén sett niður á árunum 1930-40.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Máststaða frá 1919.

Elínborg Jónsdóttir

Mástaðir - 144723-183-2 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°291.121 V: 20°19.333



Staðhættir og lýsing

Nokkru vestan bæjarins eru sennilega útihús. Um er að ræða stóra ferhyrnda byggingu sem virðist snúa í suðaustur. Út frá suðurveggnum ganga tvö minni hús en á milli þeirra gæti inngangurinn hafa verið. Fleiri hús eru nokkru austar og norðar í túninu (183-

2/3). Við vettvangsskráninguna fundust vestur af bæjarhúsunum leifar af mannvirki en ekki var hægt að greina hvers konar. Elínborg Jónsdóttir sagði að það hefði fallið skriða þarna yfir. Ekki gat hún sagt til um hlutverk þessa mannvirkis. En á svipuðum slóðum aðeins sunnar hafði staði fjós.

Hættumat: Lítil hætta

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Músstaðir - 144723-183-3 Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°29.121 V: 20°19.333

Staðhættir og lýsing

Nokkru norðan bæjarins sýnir Túnakortið ferhyrnda byggingu, e.t.v. af útihúsi.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Músstaðir - 144723-183-4 Kálgarður

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: N: 65°29.121 V: 20°19.333



Staðhættir og lýsing

Meðfram suðurvegg bæjarhúsa (183-1) virðist á Túnakortinu 1919 liggja óreglulegur garður og nær nokkuð austur fyrir húshornið. Við vettvangsskráninguna sáust leifar af kálgarðinum veggir mjög sokknir og erfitt að greina lögum garðsins.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Músstaðir - 144723-183-5 Vatnsból

Tegund: brunnur

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: "Lindin: Vatnsból bæjarins þangað til vatnsleiðsla kom.

Lindin er skammt fyrir utan og neðan bæinn."

Hættumat: Lítil hætta

Músstaðir - 144723-183-6 Kirkja

Tegund: Tóft 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Jarðabókinni 1706 eru Músstaðir "kirkjustaður annecteraður með Undefelli." (Bls. 262). Í Örnefnalýsingu 1987 segir Elínborg Jónsdóttir: "Kirkjuflöt: Lítil flöt rétt sunnan og ofan við bæinn. Músstaðir voru kirkjustaður til 1811 og er Kirkjuflöt þar sem kirkjugarðurinn var áður. Þegar faðir minn kom að Músstöðum sást enn greinilega móta fyrir leiðum í garðinum en engar menjar kirkjunnar sem tók af í snjóflóði. Skriða féll yfir flötina 1926." (Bls. 4). Elínborg fæddist á Músstöðum fimm árum fyrir skriðufallið. Faðir hennar Jón. Kr. Jónsson var fæddur 1867 og bjó á jörðinni frá því um aldamótin 1900.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar





Másstaðir - 144723-183-7 Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Sést á Túnakortinu frá 1918 að það hefur verið túngarður fyrir flest tún Másstaða. Barðið er það kallað graðstæðið að austan og sést það vel utan við afleggjarans. Barðið er á svæði sem kallað er Lautir og lýsir sér eins og barð/bakki í nokkuð beina línu. Þar var túngarðurinn. Elinborg sagði að skýringin á barðinu væri sú að mikil skriða hefði stoppað við hlaðinn túngarðinn, hún vissi ekki hvenær, en þá hefði þessi bakki myndast. Margar skriður hafa fallið á Másstaðaland á öldum áður, bæði stórar og smáar og mest var skriðan sem tók af öll engi og eyðilagði nánast allt land Másstaða árið 1720 er svokölluð Bjarnastaðaskriða féll.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir:

Hannes Jónsson: Túnakort Másstaða frá 1919.

Elinborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-8 Hesthús, Rétt

Sérheiti: Grundarhús

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°29.966 V: 20°19.067



Staðhættir og lýsing

(Sunnan bæjar, upp í móti)

Á Túnakorti 1919 má sjá tvö samföst útihús sunnarlega í túninu, að því er virðist nokkru utan garðs (183-) en þó innan girðingar sem liggur nokkru utar.

Á þessi hús virðist minnst í Örnefnalýsingu 1987 en þar segir: "Grund: Sunnan

við túngarðinn var dálítið svæði innan girðingar sem alltaf var slegið, stundum borið á það og alltaf kallað Grund og hesthús sem þar stóðu Grundarhús." (183-4). Við vettvangsskráninguna mátti sjá grjótdreif þar sem þessi hús höfðu staði, veggir mjög ógreinilegir. Elinborg Jónsdóttir mundi ekki hvenær húsin féllu og farið var að nota þau sem rétt. Rústirnar standa sunnan við túngarða Másstaða.

Hættumat: Lítil hætta

Heimildaskrá

Elinborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-9 Smiðja

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°29.136 V: 20°19.223

Staðhættir og lýsing



Austan útihúss og garðs (183-3/4), nokkru utan túngarðsins (183-) en innan og upp við girðingu, sýnir Túnakortið 1919 tvö lítil og samföst útihús. Smiðja var uppi á Barðinu ofan við bæ á Másstöðum um 8 metra frá núverandi vegkanti og 2 metrum sunnan við heimreiðina. Rústunum hafði verið jafnað við jörðu og voru óljós merki nú um

þessi hús.

Hættumat: Mikil hættu vegna vegagerða

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Músstaðir - 144723-183-10 Fjánhús

Sérheiti: Húsatún

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Túnakort 1987 sýnir tvo minni túnbletti sem girt er í kring norðan aðaltúnsins á Mástöðum. Austan megin í þeim eystri er hús upp við garð, e.t.v. fjánhús sem skv. Örnefnalýsingu 1987 á að hafa verið í Húsatúni. Það var "nyrsti hluti túnsins, utan við gamlan túngarð sem nú hefur verið jafnaður við jörð."

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Guðrún S. Magnúsdóttir: Viðbætur við örnefnalýsingu Músstaða 1987 skráðar sama ár eftir Elínborgu Jónsdóttur.

Músstaðir - 144723-183-11 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

11. Túngarður kringum Húsatún (183-9), norðan aðaltúnsins

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Músstaða frá 1919.

Músstaðir - 144723-183-12 Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

12. Túngarður kringum aflangan túnblett vestan Húsatúns (183-9).

Músstaðir - 144723-183-13 Lambhús

Sérheiti: Lambhúsmelur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Örnefnalýsingu Elínborgar Jónsdóttur 1987 liggja Lautir norðan Músstaða, milli þeirra og Steinkots, "svæði með djúpum lautum" og "miklum gróðri [...] melhryggir á milli". Elínborg segir síðan að Lambhúsmelur sé "melhryggur fyrir sunnan og ofan Lautirnar" sem "nær niður að vegi. Skammt fyrir sunnan og neðan hann inni á túni voru fjárhús, en ég man aldrei til að þau væru kölluð Lambhús." . Lambhúsmelur hefur því verið nokkru norðan Húsatúns en í athugasemdum sínum nokkru síðar getur Elínborg þess reyndar að sjálf fjárhúsin (183-) hafi staðið nær bænum (183-1) í Húsatúni. Melurinn gæti því verið kenndur við einhver önnur hús. Við vettvangsskráninguna fundust engar leifar af rústum á þessu svæði. En þær geta leynst undir sverðinum.

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Músstaða skráð 1987.

Músstaðir - 144723-183-14 Býli

Tegund: Tóft 465



Staðhættir og lýsing

Steinkot er nefnt í Manntali árið 1703 en þá búa þar roskin hjón, Björn Eiríksson og Ingiríður Ásmundsdóttir, ásamt börnum. Kotið er eitt af fjórum afbýlum eða hjáleigum sem taldar eru í Músstaðalandi í Jarðabók þremur árum síðar. Þá var kominn nýr ábúandi, Magnús Björnsson, en eigandinn séra Arnbjörn Jónsson á Undirfelli. Búið mun hafa verið í kotinu fram á 19. öld en það er þó ekki

nefnt í Manntölum frá tímabilinu 1801-45.

Að dýrleika var þetta afbýli 10 hundruð úr Músstöðum og tíundað eftir því. Magnús galt 60 álnir í landaurum til prestsins á Undanfelli en áður innheimti umboðsmaður í héraðinu þessa landskuld. Leigukúgildi voru fjögur og höfðu verið síðustu 11 árin en áður aðeins þrjú. Greitt var fyrir þau með smjóri. Á jörðinni voru tvær kýr, 20 ær og tvö hross en hún fódraði kýrnar, helming ána og 10 lömb.

Ekki var eins mikil skriðuhætta í landi Steinkots eins og á hinum býlunum á Músstöðum. Hagaleifar í fjallskriðunum voru þó snöggglendar, byrgðust fljótt þegar skyggði af vetri og því var lítill útigangspeningur hafður á þessu svæði.

Í Örnefnalýsingu 1987 segir um Steinkot: "Eyðibýli syðst í Bjarnastaðahólum og fyrir sunnan þá, [...] hjáleiga frá Músstöðum, metið 10 hundraða kot 1713. Þar var búið nokkuð fram á 19. öld og túnið slegið frá Músstöðum fram yfir síðustu aldamót. Húsatóftir voru greinilegar báðum megin við veginn þangað til jarðýtur komu til sögunnar, en eru nú að mestu horfnar. [...] Nú hefur verið reist hús fyrir veiðimenn ofarlega í túninu og ber það nafnið Steinkot." (Bl. 1).

Við vettvangsskráninguna fundum við leifar af bæjarstæðinu á Steinkoti, í vestaverðum vegkantinum en bæjarstæði hefur lent að mestu undir núverandi vegastæði. Æskilegast er að vegurinn verði áfram í sömu línu á þessu svæði.

Hættumat: Mikill hætta vegna veggerðar

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Hannes Jónsson: Túnakort Másstaða frá árinu 1919.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns

Manntöl

Másstaðir - 144723-183-15 Stekkur

Sérheiti: Steinkot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu voru húsatóftir enn sýnilegar í Steinkotstúni árið 1987 og auk þess segir frá stekkjarrúst: "Enn sjást greinilega rústir af stekki, sem var nokkru ofar en hinar byggingarnar, og var í notkun löngu eftir að kotið var komið í eyði." (Bl. 1).

Stekkjarrústin er skv. þessu ofan eða austan vegarins.

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-16 Útihús

Sérheiti: Steinkot

Tegund: Tóft



Staðhættir og lýsing:

Rétt norðan við heimreiðina að veiðihúsinu Steinkoti, fyrir neðan veg, eru tóftir sem að öllum líkindum eru leifar af útihúsum frá Steinkoti.

Bæjarstæði Steinkots var rétt sunnan við þennan stað en er að mestu undir vegstæðinu.


Rústirnar sem voru skráðar á vettvangi voru tvískiptar með

inngangi að vestan, rústin er hlaðin úr torfi og grjóti, lengd um 4-5 metrar og breidd um 6 metrar, hæð veggja frá 20-50 cm. Rústin er ágætlega varðveitt en vegurinn þrengir mikið að henni. Með því að færa veginn neðar hverfur hún alveg.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir



Másstaðir - 144723-183-17 Hestasteinn

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing:

Steininn stendur nú sunnan við bæjarhúsin á Mástöðum, hann hefur verið fluttur til, af bæjarhlaði suður fyrir garð.

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir

Másstaðir - 144723-183-18 Brunnur

Sérheiti: Steinkubrunnur/Steinkotsbrunnur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1987 segir: "Steinkubrunnur eða Steinkotsbrunnur: Kaldavermsl úti í Flóðinu örskammt frá landi rétt utan við Steinkotsbæinn. Á vetrum er oft vök eða ótraustur ís langt út með landi fyrir norðan Steinkubrunn. Sögur voru um brunninn. Sumir sögðu að kerling, sem Steinka hefði verið kölluð, hefði drukknað í honum. Aðrir sögðu að Steinka hefði sótt vatn í brunninn og mælt svo um að þar skyldi aldrei frjósa. Enn héldu sumir að allt væri óvíst um Steinku þessa, en brunnurinn væri kenndur við bæinn og Steinkubrunnur væri latmæli fyrir Steinkotsbrunnur. Enginn lækur eða önnur lind en Steinkubrunnur var nálægt Steinkotsbæ svo trúlegt er að oft hafi verið sótt vatn í brunninn að vetri til." .

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-19 Býli

Sérheiti: Skriðukot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabókinni 1706 er hjáleigan Skriðukot eða Skúlakot nefnd undir Mástöðum: "var fyrst bygt fyrir hjer um 70 árum, hjá vallargarðinum, þar sem aldrei hafði áður bygt verið, en fyrir 11 árum er það af skriðum eyðilaggt, en leifar af túni og engjum lagðar til hinna parta jarðarinnar. [...] Örvænt er að hjer megi aftur byggja." (Bls. 263). Þegar kotið eyddist voru leifar túna og engja lagðar til hinna parta jarðarinnar, fyrst til Skammbeinskots (183-18) en síðan Grenndarkots. Af því að dæma hefur Skriðukot verið í nágrenni þess, einhvers staðar við túngarðinn sunnan Másstaða. Dýrleikinn var 10 hundruð úr Másstaðalandi, landskuld í fyrstu 60 álnir en hafði undir lokin lækkað í 40. Á sama hátt fækkaði kúgildum úr þremur í tvö síðast. Þarna fóðraðist "rífliga eftir proportion dýrleikans." (Bls. 263).

Másstaðir - 144723-183-20 Býli

Sérheiti: Skammbeinskot

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabókinni 1706 er hjáleigan Skammbeinskot tilgreind í Másstaðalandi: "bygd fyrst við túngarðinn fyrir nær 60 árum. [...] Hefur í auðn verið næstu 5 ár, en grasnyt lögð til heimajarðarinnar, nema engjarnar, sem hingað voru frá Skriðukoti lagðar þegar það eyddist. Þær hefur nú Grundarkot. Af þessu að dæma hefur kotið verið staðsett sunnan Másstaða, e.t.v. einhvers staðar á milli Skriðukots (183-17) og Grundarkots.

Másstaðir - 144723-183-21 Þvottur

Sérheiti: Ullarlækur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1987 segir: "Fjórir lækir falla um Hjallann. Nyrstur þeirra er Ystilækur. 26. Ullarlækur: Hann er næst fyrir sunnan Ystalæk. Vatnsrennsli hans er jafnara en annarra lækja í Másstaðalandi. Í honum var ullin frá Mástöðum þvegin. 27. Miðlækur er næst fyrir sunnan Ullarlæk. Lítil nafnlaus lækjarsitra kemur þó upp framan í Hjallanum milli Ullarlækjar og Miðlækjar. 28. Syðstilækur er syðstur þessara lækja. [...] Þessir fjórir síðast töldu lækir voru einu nafni kallaðir Lækir. En svæðið milli lækjanna var einnig nefnt Lækir. [...]" (Bls. 3).

Heimildir

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-22 Óþekkt

Sérheiti: Kýrlaut

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°28.871 V: 20°18.666



Staðhættir og lýsing

Skv. Örnefnalýsingu 1987 eru Moldbrekkur neðan við Hjallann og sunnan Miðlækjar. Það er "einkum svæðið milli Miðlækjar og Syðstalækjar. Litlar brekkur skammt fyrir ofan veg eru takmörk þeirra að neðan." Kýrlaut heitir "stök laut milli tveggja hryggja skammt fyrir sunnan Ullarlæk en utan Moldbrekkur. Vestan við Kýrlaut eru gamlar rústir." Þær gætu verið af útihúsum ætluðum kúnum sem voru á beit á þessu svæði og lautin er kennd við. Stundum var sagt: "Kýrnar eru suðrí Lækjum". (Bls. 4). Við vettvangsskráninguna fundust leifar af minnsta kosti tveimur húsum í stórrí laut eða kvos mitt á milli Ullarlækjar og Miðlækjar. Stærri rústin er tvískipt og snýr langsum eftir hlíðinni í norðursuður og er rúmir tíu metrar á lengd og allt að 6 metrar á breidd. Inngangur í bæði

hólfin í vestur. Rétt 3 metrum í norður frá rústinni var ógreinileg og mikli minni tóft. Rústin er neðst á myndinni. Hana ber í snjóskaflinn.

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Másstaðir - 144723-183-23 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá árið 1891 liggur landamerkjaskurður milli Másstaða og Grundarkots "frá flóðinu, upp undir flóajaðra [...] stefnir í lítið lækjargil í brekkunni fyrir ofan veginn, og þá sømu línu á fjall upp [...]"

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Mástöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Másstaðir - 144723-183-24 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá árið 1891 liggja merki frá enda skurðar (183-) "vestur í flóðið í stein, er þar stendur á merkjum milli jarðanna austan og vestan við flóðið; frá þessum steini norður að grjótvörðu [183-]". Vestan Flóðsins eru jarðirnar Hnjúkur og Breiðabólsstaður. Steinninn er einnig mark milli Másstaða og Grundarkots.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Mástöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Landamerkjaskrá nr. 17 fyrir Grundarkoti í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 6. maí 1885, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 26. maí sama ár.

Másstaðir - 144723-183-25 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá 1891 liggja merki frá markasteini í Flóðinu (183-) "norður að grjótvörðu" sem einnig er í vatninu, "hornmerki milli Mársstaða, Bjarnastaða og Vatnsdalshóla, og er frá austur- og vestur-landi 330 faðmar að nefndri vörðu". Frá þessari vörðu liggur línan norður í aðra (183-).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Másstöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Másstaðir - 144723-183-26 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá 1891 liggur markalínan úr vörðu í Flóðinu "í vörðu, sem er sunnarlega á Bjarnastaðahólum nálægt veginum; þaðan í Tvífoss [...]". Í Örnefnalýsingu 1987 er einnig nefnd Merkjalaut: "Löng og mjó laut í Bjarnastaðahólum [...] norður og upp af Steinkoti, hefur stefnu frá Tvífossum beint niður að Flóði." Í bréfum til föður skrásetjarans, Jóns Kr. Jónssonar, bónda á Másstöðum, telur Ólafur Arnórsson, fyrrum bóndi á Bjarnastöðum, lautina ýmist hafa verið kallaða Löngulaut eða Merkjalaut. Annar heimildamaður Jóns, Eyþór Benediktsson, sem ungur að aldri var nokkur ár á Bjarnastöðum, segir hins vegar að Merkjalaut sé "suður og upp af Löngulaut. En neðst í Löngulaut er stór steinn ofan við veginn, sem nefndur var Einbúi". Einbúi er í Bjarnastaðalandi en lautin eða lautirnar virðast af lýsingunum að dæma liggja með merkjum milli Flóðsins og Tvífossum eða Tvífossum því þeir eru raunar tveir samhliða í Bjarnastaðalæk. (Bls. 1). Í Viðbótum við örnefnalýsingu 1987 kemur fram að lækurinn er "nærri eingöngu í Bjarnastaðalandi, nema þar sem Tvífossum eru í honum á landamerkjum." (Bls. 1).

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Guðrún S. Magnúsdóttir: Viðbætur við örnefnalýsingu Másstaða 1987 skráðar sama ár eftir Elínborgu Jónsdóttur.

Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Másstöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Másstaðir - 144723-183-27 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá 1891 liggja mörk milli Másstaða og Bjarnastaða frá Tvífossum "upp í Nautapúfu" og "ræður þá háfjallið, sem vötn að falla [...]". Í Örnefnalýsingu segir: "Nautapúfa er hæsti hnjúkur Vatnsdalsfjalls norðar en Jörundarfell. Nautapúfa er hornmerki milli Másstaða, Bjarnastaða og Sauðadals." (Bls. 1).

Heimildaskrá

Elínborg Jónsdóttir: Örnefnalýsing Másstaða skráð 1987.

Landamerkjaskrá nr. 234 fyrir Másstöðum í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 30. maí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Másstaðir - 144723-183-28 Smalakofi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

(Sunnan Másstaða)

Skv. Örnefnalýsingu 1987 eru Hlasshólar "beint fyrir ofan bæinn eða örlítið utar, neðsti hluti þeirra skammt utan við Hjallahornið", þ.e. norðvesturhorn Hjallans. Suður og upp af þeim er lækjargil, Gjáin eða Másstaðagjá, og Fagristallur nokkru sunnan hennar "utan og ofan við Dalina." Skammt utan og neðan þess klettastalls er svo klettalaus hóllinn Sandfell. Um Dali eða Másstaðadali segir skrásetjari: "Daladrög suður af Sandfelli allt suður að Haus, sem er beint fyrir ofan Hjallaland. Hár hryggur, sem kallaður var þröskuldur, skipti Dölunum í Framdali og Útdali. Dalirnir tilheyrðu Másstöðum meðan Grundarkot var hjáleiga frá Másstöðum, en nú er mikill hluti þeirra í landi Grundarkots eða Hjallalands eftir að Grundarkot var lagt undir það. Þó voru Dalirnir alltaf beittir og smalaðir frá Másstöðum meðan faðir minn bjó þar og ég held áður. Rústir af smalakofum eru í Dölunum og uppi á Sandfelli, enda var þar áður setið yfir fé." Lautir yst í Dölunum eru kallaðar Smjörskálar. "Þar var kjarngóður gróður og sagt að fé yrði mjög smjörgott þar." Vestan megin afmarkaðist svæðið af svokallaðri Dalabrún sem þó náði "miklu lengra út eftir en Dalirnir. Hún lá fyrir neðan Sandfell allt norður að Ystalæk." (Bls. 3).

Másstaðir - 144723-183-29 óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°28.560 V: 20°18.9544

Staðhættir og lýsing

Við vettvangsskráninguna fundust rústir (183-30) austan við veginn. Hlutverk þeirra óþekkt, en ekki er ósennilegt að þetta séu beitarhús og stekkur. Rústirnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Þær snúa eins í hlíðinni austur-vestur og er inngangur að vestan. Stærri rústin er um 6 metrar á lengd og 4 á breidd, minni rústin er 4 metrar á lengd og 3 breidd, hleðsluhæð frá 20 cm til 40. Elínborg Jónsdóttir vissi ekki til hvers þessar rústir hefðu verið notaðar. Á myndinni eru rústirnar neðst, hægra megin við snjófylltan skorninginn.

Hættumat : Lítil hætta



Másstaðir - 144723-183-30 óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°28.448 V: 20°18.448

Staðhættir og lýsing

Sjá rúst 183-29.

Fornleifaskráning fyrir Grundarkot

Grundarkot - 181714-182

Saga

Í Landnámu segir að Ingimundur Þorsteinsson nam "Vatnsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan. Hann bjó at Hofi" og hét kona hans Vigdís, dóttir Þóris jarls þegjanda. Bróðir hennar, Jörundur háls, sem kom með þeim til landsins nam "út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir Jörundarfelli; hans son var Már á Mástöðum." (Ísl. forn. I: 219). Bæirnir voru byggðir austan megin í dalnum en þessum grunnupplýsingum um landnemana ætti að mega treysta. Skv. Vatnsdæla sögu flutti Már sig af Grund á Mástaði (VIII: 75) og segir svo ekki frá gömlu jörðinni fyrr en árið 1489 þegar Sigurður Þorleifsson gefur hana í bekkjargjöf brúði sinni Kristínu, dóttur Finnþoga Jónssonar lögmans: "skyllde hun eignast [j þessa gioff Jördina maarstade med Grund ad skylldre. er liggia j vassdal og þar til so mikla peninga j Gripum og þingum ad reiknast Giafernar med Jördunum til nijutiju hundrada." Jarðirnar fylgjast að og árið 1495 selur faðir Kristínar þær báðar Jóni Sigmundssyni, þeim sem síðar varð lögmáður og lenti í miklum deilum við Gottskálk Hólabiskup. (Ísl. fbrs. VI: 660-61 og VII: 279-80).

Hið forna landnámsbýli virðist hafa staðið á svipuðum slóðum og Grundarkot síðar og má vera að það hafi verið endurstofnað þegar fram leið og þá kallast kot. Það er nefnt næst á eftir Mástöðum í Manntali árið 1703, ábúandi Bjarni Þorleifsson, ógiftur, í heimili auk hans Guðný Sigurðardóttir ráðskona og Guðrún Guðmundardóttir vinnukona (bls. 261). Í Jarðabók Árna og Páls þremur árum síðar segir: "Grundarkot. Heitir að fornu Grund [...] fyrir manna minni afdeilt býli og þá af Mástöðum." Nýlega höfðu orðið eigendaskipti þegar Brynjólfur Þórðarson á Hlíðarenda seldi séra Arnþór Jónssyni á Undenfelli jörðina og var Bjarni leiguliði hans. Tæpri öld síðar bjuggu í kotinu hjónin Guðrún Jónsdóttir og Árni Þorleifsson, "leilænding", ásamt dótturinni Þórey 11 ára, og vinnukonunni Sigríði Bjarnadóttur (Mt: 40). Árni var enn húsbóndi árið 1816 og hjá honum Þórey en eiginkonan sem var honum mun eldri líklega fallin frá. Komin er önnur frá Undenfelli, nafna hennar Sveinbjörnsdóttir og einnig voru í heimili Sveinbjörn Árnason "uppalningur, náungi", Runólfur Jónsson vinnumaður og Þórunn Jónsdóttir "niðurseta". (Mt: 792). 29 árum síðar höfðu orðið ábúendaskipti og voru nýju Grundarkotshjónin Egill Ebenesersson frá Mástöðum og Jóhanna Aradóttir. Þau áttu þrjá syni, Jóhann 2ja ára, Jón 8 og Ara 16. Einnig var hjá þeim vinnukonan Elín Jónsdóttir. (Mt: 46). Jörðin var enn enn í einkaeign (be) þegar Jarðatal var tekið árið 1847 og leigð einum ábúanda (bls. 233). Hún tilheyrði Mástöðum að sögn fyrrverandi heimamanns þar, Elínborgar Jónsdóttur, þangað til Jósef Einarsson á Hjallalandi keypti hana. Hann átti hana þegar Landamerkjaskrá var gerð árið 1885.

Náttúrufar og jarðabætur

Á 17. öld a.m.k. var landskuld Grundarkots 60 álnir en aukið við 10 þegar hjáleigan Skriðukot norður af því fór í eyði um 1686 því hluti engjanna þaðan var lagður til næstu býla. Þetta betalaðist í "landaurum heima þar." Leigukúgildum fjölgaði jafnframt úr þremur í fjögur en þau voru greidd í smjöri, fyrst til umboðsmanns í héraði, síðan til landsdrottins. Árið 1706 var jörðin tíunduð fjórum tíundum en taldist 10 hundruð úr Mástöðum. Í bústofninum voru þrjár kýr, veturgömul kviga, ungfálfur, 30 ær, 9 sauðir tvevetra og eldri en 11 veturgamlir, þrír hestar, tvö hross og unghryssa. Fóðrast kunnu þó aðeins ein kýr, einn vetrungur, 10 lömb og jafnmargar ær. Björn bóndi varð því að notast við haga og aðfengið hey og keypti á hverju ári bæði beit og slægjur, stundum af Hjallalandi. Grundarkotstúni stafaði líkt og öðrum býlum á svæðinu hætta af skriðum og vatnsból brást oft að vetri. Dýrleikinn var samur árið 1847 en landskuld hafði lækkað í 40 álnir og kúgildum fækkað í eitt. Í Jarðabókinni 1861 telst kotið 9,1 ný hundruð (bls. 94). Árið 1885 segir um Grundarkot: "Að norðan ræður landamerkjum til móts við Mástaði lína sú, er dregin er til austurs úr viðurkenndum marksteini í Flóðinu beint í skurð [183-23] þann er gjörður er á landamerkjum jarðanna, og svo skurðurinn og þaðan beina stefnu í gil upp undan skurðinum neðarlega í Vatnsdalsfjalli, og úr því bein lína til fjalls. Að austan ræður merkjum háfjallið, eptir því sem vötn falla. Að sunnan ræður merkjum, til móts við Hjallaland, gamalt garðlag, sem kallaður hefur verið landamerkjagarður, og úr garðinum bein stefna til fjalls, og úr neðri enda garðsins bein stefna í stein, er stendur í marklínu í Flóðinu. En að vestan ræður landamerkjum, til móts við Hnjúk og Breiðabólstað, hin viðurkennda marklína úr nefndum steini, er stendur austantil á svokallaðri Stórueyri eptir því sem línan var lögð í markstein þann [183-24], er stendur í Flóðinu vestur undan áðurnefndum skurði."

Aðrar upplýsingar

Í tengslum við fjallsnöfnin Jörundarfell og Ásmundarnúp og þokubakkann í Vatnsdal er til skemmtileg skýringarsögn sem hér er höfð eftir Elínborgu Jónsdóttur: Ásmundur kom út með Jörundi og hinum landnemunum en nam í dalnum vestanverðum, handan við Flóðið. Jörundur fór daglega á Jörundarfell ofan við bæ sinn og Ásmundur á Ásmundarnúp til að fylgjast með mannaferðum. Þeim þótti slæmt að geta ekki spjallað saman og borið saman ráð sín og töluðu um að þeir ættu að byggja brú yfir

Vatnsdalinn, en hættu við vegna þess að brúin myndi skyggja á dalbúa. En svo háttar til að oft berst þokubakki frá opnum Húnaflóa til Vatnsdals og nær að fjöllum við Jörundarfell og Ásmundarnúp, en heiðskýrt er inni í dalnum. Það ástand er sagt skapast af hugrenningum þeirra Ásmundar og Jörundar, að þokan sé hugrenningar þeirra félaga, sem hugsuðu svo stíft hvor til annars að brúin sem þá langaði að byggja varð sýnileg.

Fornleifaskrá - Grundarkot

Grundarkot - 181714-182-1 Bústaður

Sérheiti: Grund

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Engar rústir sýnilegar þar sem bæjarstæði var Elínborg Jónsdóttir segir að það hafi allt farið undir núverandi veg.

Hættumat: Mikil hættu vegna vegagerðar

Heimild:

Elínborg Jónsdóttir

Grundarkot - 181714-182-2 Óþekkt

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°28.448 V: 20°18.448



Staðhættir og lýsing

Við

vettvangsskráninguna fundust rústir vestan við veginn fyrir innan túngarðinn, aðeins fyrir neðan sjálft bæjarstæði á Grundarkoti. Hlutverk þeirra óþekkt, en ekki er ósennilegt að þetta séu útihús. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti.

Rústirnar voru þrískiptar, tvö samhlíða hól sem sneru austur-vestur, inngangur í vestri í bæði hólfin, lengd húsanna um 5 metrar og breidd í mesta lagi 4 m, hæð frá 10-20 cm. Áfast austurendanum var hús

sem sneri norður-suður, það var um 7-8 metrar á lengd og hæð frá 10-40 cm. Elínborg Jónsdóttir taldi að bæjarstæði hefði lent undir núverandi vegi.

Hættumat: Mikil hættu vegna vegagerðar

Grundarkot - 181714-182-3 Túngarður

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: N: 65°28.450 V: 20°18.412



Staðhættir og lýsing. Túngarður fyrir ofan (austan) veg er ágætlega varðveittur og sjást þrjár hliðar hans. Hann er að mestu grjóthlaðinn og sést norðurtúngarðurinn sem snýr austurvestur mjög vel á loftmynd vegagerðarinnar. Túngarðurinn hefur verið rofin þegar vegurinn var lagður.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Grundarkot - 181714-182-4 Túngarður

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: N: 65°28.448 V: 20°18.448

Staðhættir og lýsing

Sami Túngarður og 182-3 en þessi hluti er neðan (vestan) vegar.

Hættumat: Mikil hætta vegna vegagerðar

Fornleifaskráning fyrir Hjallaland

Hjallaland - 144711-181

Saga

Hjallaland mun kennt við svonefndan Hjalla fyrir ofan bæinn. Í Landnámu kallast hann Deildarhjalli enda deildu um hann náfrændur, synir landnámsmannanna Ingimundar gamla og Jörundar háls, og féll Högni Ingimundarson fyrir liðsmanni Más Jörundarsonar, Hrómundi halta. Sá var sonur Eyvindar sörkvis, sem einnig var í för með Ingimundi við komuna til Íslands og nam Blöndudal. Fyrir vígið var Hrómundur gerður útlægur úr Norðlendingafjórðungi. Um þetta ber heimildum saman en frá sömu atburðum segir í Vatnsdælu og Hrómundar þætti halta og þeir því í meginatriðum trúverðugir. Frásögn Vatnsdælu er hins vegar gamansöm og skartar alls konar smáatriðum sem líta ber á sem sagnaspuna. Þar er upphaf deilunnar miklu rakið til þess að sauðir tynast frá Másstöðum um leið og kynntur er til sögunnar Þorgrímur nokkur, "fjölunnigr mjök ok þó at öðru illa." Ekki er ljóst hvaðan hann kemur en allt einu býr hann á Hjallalandi, næsta bæ við Másstaði og ýjað að því að hann eigi þátt í sauðahvarfinu dularfulla. Skepnurnar finnast eftir mikla leit á svæði þar sem eru mikil landsgæði eða eins og sauðamaður kemst að orði: "Land hefi ek fundit í skógum, ok er ágæta jörð góð, ok hafa sauðirnir þar verit ok eru allvel holdir." Þetta er á mörkum milli jarða Ingimundarsona og Más en virðist þó auðsöttara frá jörð hins síðarnefnda sem þykir landkosturinn góður og eignar sér. Þorgrímur virðist allt í einu sjálfkrafa vera orðinn einhvers konar ráðgjafi höfðingjans og kveðst "ætla, at þeir myndi haldit fá landinu fyrir Ingimundarsonum." Hann nýtur verndar Más og verst með galdbrögðum þegar Ingimundarsynir ætla að reka réttar síns. Fer Þorsteinn Ingimundarson fram á við frænda sinn að "hvárir vægði til við aðra" en Már "kvað þá sýna af sér óvingjarnligar heimsóknir ok lézk eigi mundu láta sinn hlut [...] Stóð þetta mál svá nökkura hríð". Jökull Ingimundarson er hinn reiðasti en Þorsteinn tregur til vandræða. Högni kemur að utan, "mikill orðrómr gerðisk á um heraðit um málaferli þeira frænda" og hefst að lokum liðssafnaður. Eru bræðurnir fimm með hálfan þriðja tug manna en Más menn alls "fjórir tígir" og slær í bardaga á Kárnsnesi. Með Má eru meðal annarra tveir systursynir hans, "ungir menn ok vænligir", og Hrómundur sem er talinn tengdasonur hans, kvæntur Auðbjörgu Másdóttur og búsettur á Másstöðum. Ingimundarsonum veitir í fyrstu verr í vopnaskiptunum vegna fjölkynngi Skinnhúfu en Jökull fullhugi dregur hann úr felum og heggur með sverðinu Ættartanga þjóhnappana báða "allt við bakhlut". Þegar Hrómundur vegur Högna hlýtur hann sjálfur örkuhl á fæti og er sú skýring gefin á viðurnefninu, hinn halti. Systursynir Más falla báðir og er "sárt margt, en allir mæddir" áður en menn koma af næstu bæjum og skilja þá, "fyrstr Þorgrímur at Kárnsá ok aðrir bændur". Lýkur svo með þeim að Már selur Þorsteini sjálfðæmi og er víg Högna metið jafnt og "ákvámur þær, er fengu menn Más, smár ok stórar" en Hrómundur gerður héraðsrækur. Hjallaland kemur í hlut Más "því at ór hans landi at eins má upp ganga" en verður að gjalda þeim frændum sínum "hundrað silfrs". Svo virðist sem landskikinn umdeildi fylgi með eða Hjalli sé í raun sama og Hjallaland, þótt ekki sé það tekið sérstaklega tekið fram. Ábúandinn Þorgrímur skinnhúfa hrökklast hins vegar norður á Melrakkaslétu, rasslaus, hæddur og án bóta. Jafnvel nafn landssvæðisins þar sem hann kemur niður, slétta melrakkanna, undirstrikar hina háðulegu útreið. Þessi persóna er aðeins kunn af Vatnsdælu en ber dæmigert viðurnefni galdramanns og á sér tvo fjölkunnuga alnafna, annan á Austfjörðum í Droplaugarsona sögu, hinn í Noregi um 1100, í Heimskringlu og fleiri heimildum. (VIII: 75-81, 306).

Af kirkna- og máldagaskrárum má ráða að á bænum hafi verið bænhús sem presturinn á Másstöðum þjónaði a m k. árið 1429 en er ekki lengur uppistandandi 1461: "a hiállalande bænhus nidre". Árið 1525 er Hjallaland talið með jörðum í eigu Þingeyraklausturs og leigt út frá því 1552 og síðar (Ísl. fbrs. IV: 382, V: 354, VII: 280, IX: 314, XII: 452).

Þegar Manntal var tekið árið 1703 var ábúandi Sigríður Ólafsdóttir, ógift, með fimm í heimili, Guðvarð Þórhallsson vinnumann og Guðrúnu Þorsteinsdóttur vinnukonu, Magnús Bjarnason vinnupilt og Ingunni Jónsdóttur vinnustúlku. Auk þeirra var Tómas Tómasson 13 ára, "alinn fyrir guðs sakir" (bls. 261-2) en virðist kornungur orðinn bóndi á heimilinu eða þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð aðeins þremur árum seinna, nafnið þá skrifað Tumas Tumasson (bls. 260-61). Ekki er þó alltaf rétt farið með aldur í Manntölunum. Jörðin var þegar þarna var komið í eigu konungs en lá til Þingeyraklausturs. Skv. Jarðatali bjó eigandinn hins vegar sjálfur á Hjallalandi árið 1847 (bls. 232).

Náttúrufar og jarðabætur

Deildarhjalli er grösugt svæði í miðju fjalli milli Hjallalands og Hvamms, samkvæmt jarðaskiptabréfi árið 1495 "j hiállalandz landareign". Í Örnefnalýsingu 1987 er hann sagður "í fjallinu skammt fyrir neðan Dalina, nær lengra norður en ekki eins langt suður. Takmörk Hjallans til suðurs eru mjög óglögg, en yfirleitt talið að hann næði fram á Bóndaklett fyrir ofan Grundarkot. Meginhluti Hjallans er enn í Másstaðalandi" (bls. 3-4). Norðvesturhornið á Hjallanum hét Hjallahorn. Másstaðir höfðu þarna itök á síðari öldum, rétt á mánaðarbeið fyrir allan búsmala a.m.k. bæði í lok 15. aldar og við upphaf þeirrar

átjándu. Árið 1552 fylgdu jörðinni sex kúgildi og var landskuld með þeim 110 aurar. Árið 1706 taldist dýrleiki hennar 30 hundruð, hún tíundaðist tveimur tíundum og 190 álna landskuld greiddist með 60 álna fóðri og kaupstaðargjaldi. Kúgildafjöldi var hinn sami og áður og borgað fyrir í smjöri, kvaðir hestlán og dagsláttur. Í bústofninum voru fjórar kýr, ein "kvíga tvævetur að fyrsta kálfi", einn ungválfur, 40 ær, 7 sauðir tvævetrir og eldri og 34 veturgamlir, fjórir hestar, einn tvevetra foli og annar veturgamall, tvö hross. Fóðrast kunnu allir nautgripirnir, ærnar, 30 lömb og einn hestur. Torfrista og reiðingsrista voru sæmilegar, rífhús á 13 hesta í landi Helgastaða sem á móti fékk tak í Hjallalandsengjum. Þær voru að vísu að spillast af grjótsáburði úr Vatnsdalsá auk þess sem túninu var "mjög hætt fyrir skriðum" og úthagar fordjörfuðust. Þegar vatnsbólið brást á vetrum þurfti að sækja alla leið í Vatnsdalsá en þar var silungsveiði. Jarðardýrleikinn var óbreyttur árið 1847 en landskuld eitt hundruð. Kúgildum hafði fækkað um tvö. Í Jarðabók árið 1861 er Hjallaland metið á 34,6 ný hundruð (bls. 94).

Landamerkjum jarðarinnar er lýst í Landamerkjaskrá frá árinu 1891: "Að sunnan, milli Hjallalands og Hvamms eru merki úr vörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn, og beint vestur í merkjastein á Partskvíslarbakkanum; frá honum í annan merkjastein, sem nú stendur norðast á Stórhólmatá; frá fyr nefndri vörðu gengur línan beint í fjall upp; frá merkjasteini þeim, sem áður er nefndur á Stórhólmatá, ræður Vatnsdalsá, sem fellur fyrir vestan Hnappeyri, norður að hólma þeim, sem liggur milli Hjallalands og Helgavatns, og merkjasteinn stendur á; frá honum bein lína til norðurs í merkjastein, sem stendur á austanverðri stóru Hnjúkseyri, og sem er hornmerki milli Hjallalands og Grundarkots; frá þessum merkjasteini gengur merkjalínan til austurs í gamalt garðlag, sem er millum nýnefndra bæja, og þá áfram sömu stefnulínu á fjall upp; ræður þá háfjallið sem vötn að falla, fram til fyr nefndrar merkjalínu milli Hjallalands og Hvamms. - Jörðin Hjallaland á beit og slægjur í Grundarkotslandi."

Heimildir

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirritað 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Fornleifaskrá - Hjallaland

Hjallaland - 144711-181-1 Bústaður

Sérheiti: Húsin



Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti frá árinu 1919 má sjá bæjarstæði Hjallalands með þyrpingu húsa og kálgarða. Þarna gætu verið Húsin sem nefnd eru í Örnefnalýsingu 1954: "Túnið sem Hermann hefur kallað Grund, Húsavöllur, rétt fyrir utan Grundina, Tunguvöllur þar fyrir utan. -- Húsin [...]" Síðan eru nefnd ýmis útihús (sbr. 181-2/5/6/7/9/10).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-2 Hesthús

Sérheiti: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1919 er stórt útihús í túninu vestan bæjarins (181-1), kannski Hesthús sem talið er upp í Örnefnalýsingu 1954 næst á eftir Húsunum (181-1) en á undan Lambhúsi (181-6).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-3 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1919 er lítið ferhyrningslaga útihús við stóra húsið (181-2), milli þess og bæjarins (181-1).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-4 Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Túnakortið 1919 sýnir svolítið aflangt útihús rétt sunnan við annað ferhyrningslaga hús (181-3). Stefnan er norðvestur-suðaustur.

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-5 Útihús

Sérheiti: Miðhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1919 er útihús nokkru sunnan bæjarins (181-1), e.t.v. Miðhús, sbr. Örnefnalýsingu 1954: "Húsin, Hesthús, Lambhús [181-1/2/6], Miðhús og Syðstuhús [181-9/10]". Miðhús gætu raunar verið tvö því annað hús (181-7) er nokkru austar og bæði mitt á milli þeirra húsa sem talin eru á undan og þeirra tveggja sem eru syðst í túninu.

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-6 Lambhús

Sérheiti: Lambhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Túnakortið 1919 sýnir stórt ferhyrningslaga útihús rétt norðan við bæjartraðirnar (181-11). E.t.v. er þetta hesthús sem nefnt er í Örnefnalýsingu 1954: "Túnið sem Hermann hefur kallað Grund, Húsavöllur, rétt fyrir utan Grundina, Tunguvöllur þar fyrir utan. -- Húsin, Hesthús [...]" o.s.frv. (sbr. 181-1/7/9/10).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-7 Útihús

Sérheiti: Miðhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti 1919 er aflangt útihús í túninu nokkuð sunnan bæjartraðanna (181-11). Stefnan er suðvestur-norðaustur. Þetta gæti verið annað tveggja Miðhúsa en í Örnefnalýsingu 1954 eru húsin talin upp: "Húsin, Hesthús, Lambhús, Miðhús og Syðstuhús." (Sbr. 181-1/2/5/6/9/10).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-8 Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Austan megin í túninu og nokkru fyrir sunnan miðju þess er garður á Túnakortinu 1919.

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-9 Útihús

Sérheiti: Syðstuhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Rétt suðaustan við kálgarð (181-8) og skammt frá túngarðinum (181-13) austan megin sýnir Túnakortið 1919 stórt aflangt útihús með stefnu suðvestur-norðaustur. E.t.v. er þetta annað Syðstuhúsa sem nefnd eru síðust í Örnefnalýsingunni 1954, næst á eftir Lambhúsi (181-6). Fjöldi þeirra er ekki tilgreindur en fleirtölumyndin Syðstuhús gefur til kynna að syðst hafi verið fleiri en eitt hús (sbr. 181-10).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-10 Útihús

Sérheiti: Syðstuhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu 1919 er stórt ferhyrningslaga útihús rétt sunnan við annað aflangt (181-9) og nokkru fyrir innan austurtúngarðinn (181-13). Trúlega er þetta annað af Syðstuhúsum sem talin eru upp síðust í Örnefnalýsingu 1954. (Sbr. 181-9).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-11 Traðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu 1919 má sjá traðir sem liggja austur frá bænum (181-1) og út að hliði í túngarðinum (181-13).

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-12 Traðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Túnakortið 1919 sýnir götu eða traðir sem liggja vestur úr suðurhluta túnsins út í Vatnsdalsá.

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Hjallaland - 144711-181-13 Túngarður

Tegund: Garðlag 465



Staðhættir og lýsing

Á Túnakortinu 1919 liggur garður kringum túnið að norðan, austan og sunnan og nær að Vatnsdalsá báðum megin. Þetta er trúlega sá Túngarður sem fannst við vettvangsskráningu og afmarkar jörðina á sömu hliðar. Hann er einhlaðinn úr skriðugrjóti og var að sögn heimildarmanns, Elínborgar Jónsdóttur, hlaðinn upp um 1900. Jósef Einarsson "gerði mannvirki mikið á jörð sinni og var stórvirkur í öllu. Túngarðinn hlóð hann allan úr stórgrýti og var að því í 5 ár". Á þessum slóðum var áður landamerkjagarður (181-23), orðin gamall þegar kom undir aldamótin.

Heimildaskrá

Hannes Jónsson: Túnakort Hjallalands í Sveinsstaðahreppi árið 1919.

Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 232

Hjallaland - 144711-181-14 Landamerki

Sérheiti: Merkjasteinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá frá árinu 1891 liggja merki "milli Hjallalands og Hvamms [...] úr vörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn, og beint vestur í merkjastein á Partskvíslarbakkanum; frá honum í annan merkjastein [181-17], sem nú stendur norðast á Stórhólmatá [...]" Steinninn á Partkvíslarbakka er líklega sami og nefndur er í Örnefnalýsingu 1954: "Suður af Fífeyri, en vestan við Part er Hesthólmi, en við merkin ofan undan Merkjaskurði er svolítið engjaskott og Merkjasteinn" (bls. 1).

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirritað 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891. Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-15 Stekkur, Rétt

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65°27.582 V: 20°17.950



Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu frá 1954 segir: "Upp undir fjalli suður undir merkjum er bali, Steinabali, næsti bali út með veginum heitir Brúarabali [181-17], liggur vegurinn neðst í þessum böllum, þá Bleiklágabali og Stekkur gamall. Þar er grund kölluð Stekkjargrund, svo er Bæjarskriða, þá er komið út að túni. [...] Uppaf Stekkjargrund eru Stekkjarstallar [...]" Um 30 m frá

veginum sást við vettvangskonun grjóthlaðin rétt, um 8 x 8 m að stærð, veggir að mestu uppistandandi. Áfast sunnan megin er ferhyrnt hólf eða dílkur, um 5,5 x 4 m að stærð, hruninn að mestu og grasi vaxinn. Þetta gæti miðað við stærð og lögun hafa verið stekkur hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð rústanna var frá 20 til 130 cm. Elínborg Jónsdóttir mundi ekki eftir þessum veggjum. Ellert Pálmason, bóndi á Bjarnastöðum, mundi eftir hólfinu en ekki sem dílk heldur sem aðhaldi því að veggjabrotin voru notuð sem aðhald er fénaður var rekinn til réttar.

Hættumat: Lítil hætta

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-16 Leið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu frá 1954 segir frá leið til Sauðadals. Upp af Stekkjarstöllum "er kallað Háaleiti á Hjallanum" en upp af því eru Skeiðaklettur og Mosaskarð á háfjallinu. "Alllangt frammar er Hjallaskarð í Hvammslandi, þar er riðið austur á Sauðadal. Sneiðingar heitir, þar sem farið er upp á Hjallann og er ekki hægt að komast upp annarsstaðar". (Bls. 1).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-17 Brú

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu segir: "Upp undir fjalli suður undir merkjum er bali, Steinabali, næsti bali út með veginum heitir Brúarabali, liggur vegurinn neðst í þessum böllum [...]" (bls. 1).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-18 Vað

Sérheiti: Kýrhólmavað

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Örnefnalýsingu 1954 segir: "Við merkin ofan undan Merkjaskurði er svolítið engjaskott og merkjasteinn [181-14]. Kýrhólmavað er rétt fyrir sunnan skurðinn, sem liggur út og vestur í flóann." (Bl. 1).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Hjallalands og Grundarkots í Vatnsdal. Pétur Sæmundsson skráði eftir Einari á Hjallalandi sumarið 1954.

Hjallaland - 144711-181-19 Kirkja

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í kirknatali árið 1429 segir: "Þessar eru kirkiur í holabiskupsdemi." Síðan eru kirkjustaðir talðar upp og tekið fram við hverja hvort þar séu prestar og djáknar og hversu margir. Másstaðir og Hjallaland listast undir Húnavatnsþing: aa Masstodum prestr.[a hjallalandi. (Ísl. fbrs. IV: 382).Í kirknaskrá árið 1461 segir síðan: "a hjallalande bænhus nidre." (V: 354).

Heimildaskrá

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Kmh. 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn V, 1330-1476. Kmh. og Rvk.1899-1902.

Hjallaland - 144711-181-20 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Skv. Landamerkjaskrá frá árinu 1891 liggja merki úr Merkjasteini (181-14) á Partkvíslarbakka "í annan merkjastein, sem nú stendur norðast á Stórhólmatá [...]" en þaðan ræður Vatnsdalsá í norður.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirritað 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Hjallaland - 144711-181-21 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Landamerkjaskrá 1891 ræður Vatnsdalsá mörkum til móts við jarðirnar vestan megin en hún "fellur fyrir vestan Hnappeyri, norður að hólma þeim, sem liggur milli Hjallalands og Helgavatns, og merkjasteinn stendur á; frá honum bein lína til norðurs í merkjastein, á austanverðri stóru Hnjúkseyri [181-22]"

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirritað 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Hjallaland - 144711-181-22 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskrá árið 1885 segir að merki liggi um stein "er stendur í marklínu í Flóðinu [...] astantil á svokallaðri Stórueyri [...]". Samkvæmt skránni 1891 er bein lína úr steini (181-21) á hólma milli Hjallalands og Helgavatns "til norðurs í merkjastein, sem stendur á austanverðri stóru Hnjúkseyri, og sem er hornmerki milli Hjallalands og Grundarkots; frá þessum merkjasteini gengur merkjalínan til austurs í gamalt garðlag [181-23], sem er millum nýnefndra bæja [...]"

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 17 fyrir Grundarkoti í Sveinsstaðahreppi. Undirritað 6. maí

1885, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 26. maí sama ár.
Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirrituð 18. júlí
1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Hjallaland - 144711-181-23 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Í Landamerkjaskráum Hjallalands og Grundarkots segir frá landamerkjagarði milli jarðanna. Séð frá þeirri fyrrnefndu árið 1885: "Að sunnan ræður merkjum, til móts við Hjallaland, gamalt garðlag, sem kallaður hefur verið landamerkjagarður, og úr garðinum bein stefna til fjalls, og úr neðri enda garðsins bein stefna í stein [181-22], er stendur í marklínu í Flóðinu." Árið 1891 segir að merkjalínan liggja frá þessum merkjasteini "til austurs í gamalt garðlag, sem er millum nýnefndra bæja, og þá áfram sömu stefnulínu á fjall upp [...]" Einungis virðist eftir brot af garðinum undir lok 19. aldar en hann hefur verið á sömu slóðum og norðurveggur Hjallalandstúngarðs (181-13) sem hlaðinn var upp um 1900.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 17 fyrir Grundarkoti í Sveinsstaðahreppi. Undirrituð 6. maí 1885, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 26. maí sama ár.
Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirrituð 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Hjallaland - 144711-181-24 Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Landamerkjaskrá 1891 ræður háfjallið merkjum að austan "sem vötn að falla" en suðurlínan milli Hjallalands og Hvamms byrjar í "vørðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn" og liggur beint vestur í merkjastein á Partskvíslarbakkanum [181-14]"

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirrituð 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.

Niðurstöður

Á svæðinu, þar sem eru fyrirhugaðar vegarbætur, eru 67 skráðar fornminjar. Í landi Hnausa eru 2, Bjarnastaða 7, Másstaða 30, Grundarkots 4 og Hjallalands 24. Minjarnar eru af ýmsu tagi og bera vott um búsetu allt frá landnámi. Fleiri minjar eru á jörðunum en fram kemur í þessari fornleifaskráningu, sem takmarkast við svæði sem kann að verða raskað vegna framkvæmdanna.

Þykir ljóst að fornleifar verði fyrir áhrifum vegna vegagerðarinnar. Fornleifum má þó ekki raska nema með leyfi og að uppfylltum skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins. Almenn er hins vegar ákjósanlegt að beina framkvæmdum frá fornleifum eins og kostur er.

Víða kunna fornleifar að leynast í jörðu sem ekki er unnt að greina á yfirborðinu. Þess vegna verður ávallt að hafa sérstaka gát við hvers konar rask þar sem vænta má fornleifa og stöðva framkvæmdir þegar í stað komi minjar í ljós og tilkynna um fundinn til Fornleifaverndar.

Skal nú gerð grein fyrir skráðum fornleifum á hverjum stað.

Hnausar

Ekki er að sjá að minjar í landi Hnausa þurfi að verða fyrir raski. Þó verður að taka tillit til þess að Hnausarétt (1447012-185-25) er nálægt framkvæmdasvæðinu, við vegamót Vatnsdalsveggar og Hringveggar, og verður að gera viðeigandi varúðarráðstafanir svo að réttinni verði ekki spillt.

Bjarnastaðir

Í landi Bjarnastaða virðast engar minjar vera í hættu.

Másstaðir

Bæjarstæði Steinkots í landi Másstaða er undir núverandi vegi. Leifar bæjarins skaga út undan vesturbrún vegarins (144723-183-14). Þá eru leifar útihúsa frá Steinkoti litlu norðar sömu megin þétt upp við núverandi veg (144723-183-16). Til þess að bæjarstæðið verði ekki fyrir frekara hnjaski og til að vernda útihúsin þyrfti nýr vegur annað hvort að fylgja gömlu veglínunni á þessum kafla eða að liggja fyrir austan hana. Að öðrum kosti reynist nauðsynlegt að ráðast í fornleifarannsókn og uppgröft áður en vegaframkvæmdir geta hafist.

Nálægt heimreiðinni að Másstöðum eru kirkjutóft (144723-183-6), leifar túngarðs (144723-183-7) og smiðjutóft (144723-183-9). Nýja veglínan liggur yfir smiðjutóftina og leifarnar af túngarðinum og fer auk þess hættulega nærri kirkjutóftinni. Ef vernda á fornleifarnar og koma í veg fyrir umfangsmikinn fornleifauppgröft má ekki færa veginn lengra í vestur en hann er nú. Yrði engu að síður að merkja fornleifarnar, einkum smiðjutóftina, svo að vegagerðarmenn hafi vara á sér við framkvæmdirnar.

Rústir, sem eru hugsanlega beitarhús og stekkur (144723-183-29 og –30), virðast ekki vera í hættu, en verði áformuð veglína færð lengra í austur en Vegagerðin hafði gert ráð fyrir, þarf að merkja þær í fyrrgreindum tilgangi.

Grundarkot

Bæjarstæðið að Grundarkoti liggur trúlega undir núverandi vegi (181714-182-1). Ekki er greinilegt hvar og hve mikið lækka á veginn til suðurs við stöð 41950 eða þar um bil, en túngarður (181714-182-3 og –4) og óþekktar rústir, sem kunna að vera útihús (181714-182-2), gætu þá reynst vera í hættu. Ef ekki verður hjá því komist að færa veginn í átt að nefndum fornleifum reynist nauðsynlegt að ráðast í umfangsmikla fornleifarannsókn á þeim áður en vegaframkvæmdir geta hafist.

Hjallaland

Í Hjallalandi virðast engar minjar vera í hættu vegna áformaðra vegaframkvæmda.

Heimildir

Íslenskt fornbréfasafn VI, 1245-1491. Rvk.1900-1904.

Íslenskt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Rvk. 1903-1907.

Íslenskt fornrit I. Rvk. 1968.

Íslenskt fornrit VIII. Rvk. 1939.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska

fræðafélagi í Kaupmannahöfn. VIII. Kmh. 1926.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.

Landamerkjaskrá nr. 17 fyrir Grundarkoti í Sveinsstaðahreppi. Undirr. 6. maí 1885, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 26. maí sama ár. Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

Manntal á Íslandi 1801, suðuramt. Rvk. 1978.

Manntal á Íslandi 1816, V. hefti. Rvk. 1973.

Manntal á Íslandi 1845, suðuramt. Rvk. 1982.

Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.

Hannes Jónsson: Túnakort Másstaða frá árinu 1919

Viðtal tekið við Elínborgu Jónsdóttur sem fæddist á Mástöðum 30. júní 1921, bjó þar til 1948 og var þar oft síðar. Sigríður Sigurðardóttir og Ragnheiður Traustadóttir tóku viðtalið.

Landamerkjaskrá nr. 235 fyrir Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi. Undirrituð 18. júlí 1890, lesin upp á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók 27. maí 1891.